

## Lagabreytingatillaga:

### VII. Ræktunardeildir

Var: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

Yrði: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa **skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild eða þeir sem síðastliðin tvö ár fyrir ársfundinn hafa verið skráðir eigendur hunda í deildinni. Jafnframt skulu þeir hafa greitt félagsgjald fyrir það ár sem ársfundur er haldinn.** Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort sem þau greiða félagsgjald sem hjón eða **hvort í sínu lagi, svo framarlega sem annað þeirra er skráður eigandi hunds í deildinni.**

-----

Var: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfundi sína í mars á hverju ári og skila ársskýrslu sinni og öðrum upplýsingum sem félagsstjórn kann að óska eftir fyrir marslok ár hvert.

Yrði: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfund **á tímabilinu 1. janúar til 31. mars á hverju ári og skila stjórn HRFÍ ársskýrslu sinni, ársuppgjöri, lista yfir stjórnarmenn deildarinnar og öðrum upplýsingum sem stjórn félagsins kann að óska. Skulu gögn þessi send fyrir 15. apríl ár hvert. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessari reglu.**